

Nýjung í Íþróttauppeldi

Frá Unni Stefánsdóttur:

Á ÍPRÓTTAÞINGI Íþróttasambands Íslands sem haldið var á Akranesi sl. haust var samþykkt stefnuyfirlýsing í íþróttauppeldi æskufólks. Þessi stefnuyfirlýsing er búin að vera nokkur ár í undirbúningi og hafa margir sérfræðingar komið að þeirri vinnu.

Andi stefnunnar

Það sem haft er að leiðarljósi er að íþróttaiðkun skuli vera þroskandi bæði líkamlega, sálrænt og félagslega. Og þannig skapa aðstæður fyrir mun fleiri börn og unglinga til að njóta sín innan íþróttahreyfingarinnar.

Það skipulag og þjálfun sem lagt er til getur skapað börnum og unglingum aðstæður til þess að vera afreksmenn seinna meir á lands- og alþjóðlegum mælikvarða, þegar þeir hafa mesta líkamlega og sálræna hæfileika til þess. Að sama skapi er gert ráða fyrir því að þeir sem ekki velja sér keppnisíþróttir fái tækifæri til að stunda íþróttir eða líkamsrækt við sitt hæfi.

Markmið og leiðir

Íþróttþjálfun barna- og unglinga miði að því að auka hreyfi-

getu, kraft og þol og að börnum gefist kostur á að kynnast sem flestum íþróttagreinum. Að aðaláherslan verði lögð á að barnið fái alhliða þjálfun, en ekki að sérhæfingin skipti miklu máli. Smám saman verði fleiri greinum bætt við en ávallt verði það haft hugfast að barnið hafi gaman af æfingunni og því líði vel um leið og það er að læra.

Keppni og verðlaun

Stefnt er að því að keppni miðist við aldur og þroska og að hún sé hvati til ástundunar og framfara, svo að auka megi líkur á að ná settum þjálfaramarkmiðum. Stefnuyfirlýsingin kveður á um að framan af sé meira um innbyrðis keppni og svæðakeppni, en keppni á landsvísu hefjist ekki fyrr en um 12 ára aldur og verðlaun í einstaklingsgreinum byrji ekki fyrr en á þeim aldri.

Þessi stefnuyfirlýsing markar spor í íþróttapólitík á Íslandi og er skemmtilegt til þess að vita að þegar hafa íþróttafélög og bæjarfélög undirbúið íþróttaskóla með markmið stefnunnar að leiðarljósi.

UNNUR STEFÁNSDÓTTIR,
formaður barna- og
unglinganefndar ÍSL.